



Scotte 20

Vörunr. 8222

Lýsing

Scotte 20 (8222) er vatnsþynnanleg plastþeytumálning ætluð á vegg og loft innanhúss, þar sem óskað er eftir þvottheldinni hálfmattri áferð. Oftast er hún notuð við nýmálun eða þegar endurmálaðir eru fletir sem áður hafa verið málaðir með plastþeytumálningu. Málningin er svo til lyktarlaus, gefur jafna áferð og er fljótþornandi. **Scotte 20** er umhverfisvæn málning og hefur fengið evrópublómíð fyrir að vera slík.

Notkun

Scotte 20 er oftast notuð á eldhús, ganga, í skólastofur og staði þar sem mikillar þvottheldni er krafist. Hún hentar vel á t.d. þússningu, nýjan múr, sandspartlaða fleti, gifs- og spónaplötur og áður málaða fleti.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: NCS-litakerfi	Þynnir: Vatn
Gljástig: 20	Áhaldahreinsir: Vatn
Pakkningar: 4 og 10 lítra	Þurrktími: ½ klst
Efnisnotkun: 6-8 m ² /l	Yfirmálun: Lágmark: 3 klst
Eðlisþyngd: 1,3 kg/l	Hámark: Ekkert
Þurrefni: 36 % (rúmmál)	

Undirmálun

Notið Gullspack spartl til viðgerða og spörtlunar. Grunnið með Gifs- og spartlsgrunni (4240), Aqua Snickerislip (4243) eða Hempalin grunnmálningu (4246), allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Áhöld

Rúlla, pensill eða háþrýstisprauta. Hreinsið áhöld með vatni strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Nýmálun

Sandspartlaðir fletir, múrhúð, pússning, spónaplötur, gifsplötur og strigi: Fjarlægið ryk og önnur óhreinindi. Grunnið með Gifs- og spartlsgrunni (4240) eða Hempalin grunnmálningu (4246), allt eftir aðstæðum hverju sinni. Málið 1-2 umferðir með **Scotte 20**.

Endurmálun

Þrifið með Málningarhreinsi (6208) og skolið vandlega með vatni. Ef um er að ræða alkýðmálningu og/eða flöturinn er mjög gljáandi er best að slípa lauslega með sandpappír og matta hann, til þess að góð viðloðun náist. Einnig má grunna með Gifs- og spartlsgrunni (4240), Aqua Snickerislip (4243) eða Hempalin grunnmálningu (4246). Að lokum eru málaðar 1-2 umferðir með **Scotte 20**.

Athugasemdir

- **Scotte 20** er vatnsþynnanleg, en þynnist yfirleitt ekki.
- Málningarkerfi sem samanstendur t.d. af Gifs- og spartlsgrunni (4240) og **Scotte** er umhverfisvænt kerfi.
- Notið Gullspack spartl.
- Full þvottheldni næst eftir 3-4 vikur.
- Efnið má ekki frjósa og málið ekki fleti kaldari en +5°C.

Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með **Scotte 20** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.